



Kraginn hefur einfalt útlit en býður upp á marga möguleika þar sem hægt er að láta hann liggja hvernig sem er. Hann er til í mismunandi hvítum litum og svörtum en stundum fær Margrét brún skinn.

MYND/MHILDUR

## Lambaskinn um hálsinn

Margrét Ásgeirsdóttir hóf nýverið að hanna kraga úr lambaskinni undir nafninu M. Hildur. Kragana sýndi hún á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsinu á dögum.

„Kraginn er úr lambaskinni sem ég flyt inn frá Kína. Hann er tvöfaldur þannig að það er lambaskinn að innanverðu líka. Neðri kanturinn er þynnri en efri kanturinn þannig að hann fer vel inn undir kápukraga. Einnig er flott að nota hann við peysur og kjóla,“ segir Margrét og bætir við: „Kraganum er hneppt með pelskrækjum og hægt er að hneppa honum á mismunandi vegu sem gerir útlitið breytilegt.“

Margrét segist hafa verið komin vel á fullorðinsár þegar hún hóf nám í Iðnskólanum í kjólasaumi og klæðskurði en upp frá því hafi hún farið að hanna sjálf. „Lambaskinnskraginn er í raun fyrsta stykkið mitt. Ég byrjaði aðeins í fyrrihaust og svo tók ég þátt í þessari sýningu, Handverk og hönnun. Handverk og saumaskapur hafði alltaf blundað lúmskt í mér og því lét ég gamlan draum rætast þegar ég hellti mér út í þetta.“

Enn er Margrét ekki komin með söluaðila í Reykjavík en hægt er að fá kragana hennar í Epal Design í Leifsstöð. Einnig er Margrét með vefsíðu og er slóðin að henni [www.mhildur.is](http://www.mhildur.is).

-hs

## Svipurinn lýsir sjálfstrausti

Sigríður Hafstað hóf fyrir nokkrum árum að sauma tehettur í formi bústinna peysufatakvenna.

„Þær hafa orðið vinsælar þessar kerlingar enda eru þær svolítið góðar með sig og svipurinn lýsir sjálfstrausti,“ segir Sigríður Hafstað á Tjörn í Svarfaðardal þegar hún er spurð um peysufatakvennurnar kotrosknu sem hún saumar, ásamt Sigurbjörgu Snorradóttur. Frumkvæðið rekur Sigríður reyndar til Völvu Gísladóttur sem var við tónlistarkennslu í Svarfaðardalnum í nokkur ár. Athygli vekur hvað peysufötin eru fín, handbróðeraðar rósir í slifsinu sem er úr silki eins og svuntan. „Við fáum efnið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. Það er eins í íslenska þjóðbúningnum. Við reynum að hafa þetta vandað,“ segir Sigríður.

Kerlurnar fást í safnabúðum á Þjóðminjasafninu og á Dalvík svo og Landnámssýningunni í Aðalstræti. Þær eru víðförlar að sögn Sigríðar enda meðfærilegar og hægt að senda þær í bóluumslögum um víða veröld. „Við höfum fengið kveðjur frá þeim frá ólíklegustu stöðum,“ segir hún.

Sigríður og Sigurbjörg nostra við handverkið og hafa bætt hnetufólki við framleiðsluna og líka litlum eggjakerlingum sem



Sigríður byggir handverk sitt á reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eru borðskraut í leiðinni. Allt í þjóðlegum stíl. Sigríður segir athyglina vissulega af hinu góða.

„Við erum bara heppnar að vera með öðruvísi varning en aðrir,“ segir hún.

-gun

## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

kemur út þriðjudaginn 25. nóvember.

Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira  
Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemninguna  
í Jólalblaði Fréttablaðsins 2008.



Nánari upplýsingar veita:

Bjarni Þór í síma 512-5471 eða [bjarnithor@365.is](mailto:bjarnithor@365.is) & Benedikt í síma 512-5411 eða [benediktj@365.is](mailto:benediktj@365.is)